



# FLÓRGOÐINN

## FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

5. tbl. 16. árgangur



### LÁTUM GOTT AF OKKUR LEIÐA MÆÐRASYRKSNEFND



SKÓLASAMFÉLAGIÐ Í ÁSLANDSSKÓLA  
STYRKIR MÆÐRASYRKSNEFND HAFNAR-  
FJARÐAR

Við í Áslandsskóla höfum haft þann sið undanfarin ellefu skólaár að hver nemandi/ starfsmaður mæti með lokað umslag með frjálssu framlagi til Mæðrastyrksnefndar í stað pakkaleikja fyrir jólin.

Nemendur afhenda sínum umsjónarkennara framlag sitt föstudaginn 15. desember eða koma með það á skrifstofu skólans.

Þessi hugsun okkar tengist einni af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið. Fjármunum verður síðan safnað saman og þeir afhentir fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar á sal skólans miðvikudaginn 20. desember kl. 12.45

### HRÓS FELUR Í SÉR KÆRLEIKA

Stundum er sagt að almennar fréttir sem berast okkur í fjölmiðlum staldri aðallega við það sem neikvætt er. Það sem fer úrskaiðis vekur oft meiri athygli heldur en það sem vel fer. Við þekkjum þetta sennilega öll þegar kveikt er á fréttum að morgni dags. Jákvæðar fréttir eru stundum heldur strjálar en iðulega talin upp hin og þessi óhæfuverk sem unnin hafa verið í veröldinni á síðasta sólarhringnum og mannfali tíundað nokkuð rækilega. Þess vegna hefur orðtakið engar fréttir eru góðar fréttir sprottið upp.

Í daglegum samskiptum okkar er mjög mikilvægt að nema staðar við það sem er jákvætt. Það þarf í raun og veru ekki að leita langt yfir skammt til að sjá það sem er jákvætt. Kunna að meta það og þakka fyrir. Ein leið til þess að fleyta áfram því sem er jákvætt er að hrósa fólki. Það sem við sýslum við á hverjum degi er unnið allajafna af samviskusemi og dugnaði. Okkur finnst það reyndar vera sjálfsagt að leysa allt sem best af hendi. Það er einnig margsannað að hrós byggir upp t.d. betri starfsanda og eykur vellíðan á vinnustaði eins og skólanum okkar. Hrósið er nefnilega einföld leið til að sýna velvild og ánægju í ys og þys hvers dags..

Skiptir hér engu þótt okkur kunni að þykja eitt og annað athugavert við náunga okkar. Kannski sér einhver ekki næg hrósunarefni í hversdeginum en ef betur er að gáð þá er alltaf eitthvað að finna sem er hróssins vert. Það er sérstaklega mikilvægt að hrósa þeim sem eru að taka sínu fyrstu skref í lífinu, vinnu eða skóla. Grunnur er lagður að heilbrigðu sjálfstrausti þegar börnum er hrósað fyrir dugnað þó í smáum hversdagslegum atvikum sé. Börn sem ekki fá hrós búa við minna sjálfstraust og vita stundum ekki í hvorn fótinn á að stíga.

Hrós felur í sér umhyggju og sýnir að við tökum eftir því sem vel er gert. Hrósið er líka hlýleg hvatning til þess sem það fær að halda áfram á sömu braut. Það getur verið styrkur og sannfært viðkomandi um að hann hafi staðið rétt og vel að málum. Sjálfstraustið eykst og jákvæðnin kemur svo í kjölfarið.

Hrós felur líka í sér kærleika. Það sýnir að okkur er ekki sama um andlega velferð náunga okkar, ættingja, vinar eða félaga.

Mikilvægast er þó að við gleymum því ekki að hrósið verður að koma frá hjartanu.

**GLEÐILEG JÓL**





# JÓLADAGSKRÁ

Jólahald í Áslandsskóla 2017

JÓLAHALD í Áslandsskóla verður með hefðbundnu sniði. Jólaböll, stofujól og jólamorgunstundir.

Jólamorgunstundir eru fimmtudaginn 14. desember í yngri deild og föstudaginn 15. desember í miðdeild.

Á jólamorgunstundum er byrjað á því að nemendur í 5. bekk sýna helgileikinn en síðan eru bekkir/árgangar með eitt stutt jólalegt atriði.

Sameiginleg jólasöngstund er mánudaginn 18. desember en þá kemur allur skólinn saman og syngur jólalög. Gaman væri ef nemendur mæta í einhverju jólalegu (jólahúfur, jólapeystur/boli) þennan dag.

Eftirfarandi dagskrá á við um miðvikudaginn 20. desember nema annað sé tekið fram sérstaklega.

1. bekkur Jólaball 9.00-9.55

Stofujól 8.10-9.00

2. bekkur Jólaball 8.10-9.00

Stofujól 9.00-10.00

3. bekkur Jólaball 10.00-10.50

Stofujól 9.10-10.00

4. bekkur Jólaball 11.00-11.50

Stofujól 10.00-11.00

5. bekkur Jólaball 12.00-12.50

Stofujól 11.10-12.00

6. bekkur Jólaball með Tjarnarási 19. desember

Stofujól 9.00-10.00 þann 20. desember

7. bekkur Jólaball 17.00-19.00 19. desember í Ásnum

Stofujól 9.30-10.30 20. desember

8. bekkur Jólaball kl. 20.00-22.00 19. desember í Ásnum

Stofujól kl. 19.00-20.00 19. desember

9. bekkur Jólaball kl. 20.00-22.00 19. desember í Ásnum

Stofujól kl. 19.00-20.00 19. desember

10. bekkur Jólaball kl. 20.00-22.00 19. desember í Ásnum

Stofujól kl. 19.00-20.00 19. desember

Í lok jólaballs hjá 5. bekk afhendum við fulltrúm Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar söfnunarfé frá skólasamfélaginu í Áslandsskóla.

## HEIMS UM BÓL

“Heims um ból, helg eru jól” það má auðveldlega telja þennan sálm frægasta og víðförlasta jólalagið. “Stille Nacht! Heilige Nacht!” hefur verið þýtt á yfir 300 tungumál og mállýskur.

Þetta fallega lag vekur jólaandann og flytur boðskap jólanna um allan hnöttinn.

Ein heimsókn Fr. Joseph Mohr þann 24 desember 1818 til vinar

síns Franz Gruber hafði sem sagt þessi ótrúlega áhrif á jólahald heimsbyggðarinnar.

# NÚVITUND Í ÁSLANDSSKÓLA

## VEGGJA ÁRA RANNSÓKNARVERKEFNI UM INNLEIÐINGU NÚVITUNDAR Í GRUNNSKÓLA

- nemendur fæddir árin 2005 og 2006 taka þátt ásamt starfsfólki skólans

Áslandsskóli hefur ákveðið að taka þátt í rannsóknarverkefni um innleiðingu núvitundar í grunnskóla. Markmiðið með því er að meta árangur innleiðingar núvitundar á líðan, seiglu, almenna stýrifærni (t.d. tilfinningastjórnun og einbeitingu) og núvitundarfærni nemenda og kennara.

Út á hvað gengur verkefnið?

Verkefnið er til veggja ára og er fyrirhugað að það hefjist í janúar 2018. Á fyrri árinu er áhersla lögð á núvitundarþjálfun fyrir starfsfólk og að kennarar fá tækifæri til að sækja þjálfun í kennslu núvitundar fyrir börn og unglinga. Á seinna árinu hefst innleiðing núvitundar fyrir nemendur. Það skólaár munu kennarar skólans, sem hafa fengið viðeigandi þjálfun, annars vegar bjóða nemendum upp á núvitundarnámskeið og hins vegar innleiða aðferðir núvitundar í almenna kennslu. Í upphafi þess skólaárs munu foreldrar/forráðamenn jafnframt fá kynningu um hvað felst í núvitund og hvernig hægt sé að nýta aðferðir hennar í daglegu lífi. Erlendar rannsóknar hafa sýnt fram á að núvitundarþjálfun auki vellíðan, seiglu og almenna stýrifærni (t.d. tilfinningastjórnun og einbeitingu) hjá nemendum og kennurum og hefur innleiðing núvitundar í skóla reynst jákvæð upplifun bæði fyrir kennara og nemendur. Markmið rannsóknarinnar er í samræmi við Lýðheilsustefnuna sem var samþykkt í september 2016. Ekki er til sambærileg rannsókn hér á landi og því er markmiðið jafnframt að gagnreyna þessa heildrænu skipulögðu nálgun, meta hversu vel hún á við íslenskar aðstæður og leiðbeina okkur um næstu skref varðandi innleiðingu á núvitund í íslenskt skólustarf.

Hvað þurfa nemendur að gera sem taka þátt ?

Nemendur sem taka þátt verða beðnir að svara spurningakönnun sem verður lögð fyrir nemendur fædda árin 2005 og 2006 í fjögur skipti á þessum tveimur árum. Spurningakönnunin er rafræn og verður lögð fyrir á skólatíma og tekur um 30-45 mínútur að svara henni. Spurningarnar snúa að vellíðan, geðheilbrigði, hegðun og fleiri þáttum tengdum fyrrgreindum markmiðum rannsóknarinnar.

Rannsóknin verður kynnt fyrir nemendum og þeim boðið að taka þátt. Jafnframt verður óskað eftir skriflegu samþykki. Ekki er skylda að taka

þátt í rannsókninni og hægt er að draga þátttöku til baka hvenær sem er á rannsóknartímanum.

Kennarar eru hluti af rannsókninni og munu svara sambærilegum spurningalistum um eigin líðan og metin verða áhrif núvitundarþjálfun þeirra.

Þar sem um rannsóknarverkefni er að ræða þá er mikilvægt að skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna um þátttöku barna þeirra liggja fyrir. Svörin verða ekki persónurekjanleg og fyllsta trúnaður verður gætt við öflun og varðveislu gagna.

Hver hefur kynnt sér og samþykkt rannsóknarverkefnið?

Rannsóknarverkefnið er unnið með samþykki borgar- og bæjaryfirvalda og skólastjóra þátttökuskólanna.

Hvað með áhættu eða ávinning af þátttöku?

Möguleg áhætta: Það er engin þekkt áhætta sem felst í því að taka þátt í þessu verkefni. Hins vegar eru nemendur spurðir spurninga um einkenni kvíða og þunglyndis sem þeim gæti þótt óþægilegt að svara. Nemendur munu verða upplýstir um að þeim sé velkomið að svara ekki einstaka spurningum. Þeim verður jafnframt veittar upplýsingar um viðeigandi aðila til að leita til ef þeir telja sig hafa þörf á því. Á kynningarfundi um rannsóknarverkefnið þá gefst foreldrum tækifæri á að kynna sér spurningalistana sem verða lagðir fyrir nemendum.

Mögulegur ávinningur: Með þátttöku í þessari rannsókn eru skólar, nemendur, og kennarar að leggja fram mikilvægt framlag til aukinnar þekkingar á því hvernig megi undirbúa ungt fólk til að efla geðheilbrigði og seiglu til að takast á við verkefni daglegs lífs á uppbyggilegan hátt og stuðla að jákvæðum skólabrag. Óháð því hvort að nemendur taki þátt í rannsókninni eða ekki þá gefst þeim kostur á núvitundarþjálfun sem vonandi gagnast þeim því með bættri líðan, betri svefni og aukinni einbeitingu í námi.

## HEIMS UM BÓL

Um upphaf þessa mest elskaða jólalags allra tíma eru til all nokkrar útgáfur en hér er það sem teljast má réttast.

Ljóðið er samið af Fr. Joseph Mohr í Mariapfarr í Austurríki 1816 en ljóðið af Franz X. Gruber í Arnsdorf í Austurríki 1818 og frumflutt í Oberndorf í Austurríki 1818.



# FORELDRAKÖNNUN

## INNLEIÐING IPAD Í SKÓLASTARFI

Í tengslum við alþjóðleg Erasmus+ verkefni skólans var í vor gerð foreldrakönnun meðal þeirra foreldra sem eiga börn í 5.-10. bekk skólans.  
Alls bárust svör frá 100 foreldrum.

Helstu niðurstöður voru þessar:

Notar barn þitt Ipad í heimaverkefni / 93% svöruðu játandi en 7% neitandi.

Þekkirðu öpp og forrit sem barn þitt notar til þess að læra á Ipad / 53,5% svöruðu játandi en 46,6% neitandi.

Finnst þér að skólinn ætti að banna notkun á Ipad í frímínútum og hádegishléum / 62,6% svöruðu játandi en 37,3% neitandi.

Finnst þér að skólinn ætti að banna öpp með leikjum og banna samfélagsmiðla(t.d. snapchat, facebook og twitter) / 57,3% svöruðu játandi en 42,4% neitandi.

Finnst þér innleiðing á Ipad í Áslandsskóla hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á nám barnsins þíns / mjög jákvæð áhrif sögðu 41% foreldra, frekar jákvæð áhrif sögðu 26%, hvorki né svöruðu 21%, frekar neikvæð sögðu 6% og mjög neikvæð sögðu 5%.

Við þurfum stöðugt að leita leiða í þróunarverkefnum eins og innleiðingu Ipad í skólastarfið og passa að kerfin okkar tali öll saman sem og að upplýsingaveita til foreldra verður að vera til fyrirmyndar. Nú nýverið hafa t.d. verið haldin örnámskeið fyrir foreldra í nokkrum árgöngum í Google Classroom umhverfinu. Þeim verður framhaldið eftir áramót.

Við skólann starfar skólaþróunarteymi sem á næstunni mun greina námslegar þarfir kennara til að auka nýtingu og færni kennara. Gerð verður greiningarkönnun meðal kennara, þarfir skilgreindar og gerð viðbragðsáætlun í kjölfarið.



## Á döfinni

DESEMBER & JANÚAR



DES

Jólamorgunstundir 14/15 des  
Jólasöngstund 18. des  
Jólaböll (flestar) 20. des



JAN

Skipulagsdagur 4. jan  
Skóli skv stundaskrá 5. jan  
Fyrsta próf í unglingsáætlun 13. jan

## ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: [aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri